

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2002 þriðjudaginn 20 ágúst kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 2. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Erindi frá Þórarni Sigurðssyni Miðteigi 5 Akureyri um byggingu frístundahúss á lóð C-2 í Höfðabyggð sem er skipulagt frístundahúsasvæði á jörðinni Lundi Fnjóskadal. Meðfylgjandi eru teikningar frá Teikniþingi ehf Garðarsbraut 5 Húsavík verk nr. 02.37.00.03.

Byggingarnefnd samþykkir erindið enda berist fullunnin gögn til byggingarfulltrúa.

2. Erindi frá Alfreð Almarssyni Ásvegi 17 Akureyri um byggingu frístundahúss á lóð nr. 2 á skipulögðu frístundahúsasvæði á jörðinni Skógum Fnjóskadal samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Árna Gunnar Kristjánsson verk nr. Á02-009.

Erindið samþykkt.

3. Erindi frá Birgi Stefánssyni Lyngholti 2 Akureyri um leyfi fyrir 2 skúrum á frístundahúsalóð nr. 16 í Heiðarbyggð á skipulögðu frístundahúsasvæði á jörðinni Geldingsá Svalbarðsstrandarhrepp. Meðfylgjandi eru myndir af skúrunum og afstöðumynd sem sýnir staðsetningu þeirra á lóðinni.

Nefndin samþykkir stöðuleyfi fyrir skúrana til tveggja ára.

4. Mælifell ehf Háholti 2 Vopnafirði sækir um leyfi fyrir frístundahúsi á lóð nr. 13 á skipulögðu frístundahúsasvæði á jörðinni Eyrarlandi Eyjafjarðarsveit samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni & verkfræðistofu verk nr. 000502.

Samþykkt.

5. Depill ehf Grundargötu 1 Akureyri sækir um leyfi fyrir einbýlishúsi á lóð nr. 30 í landi Leifsstaða Eyjafjarðarsveit samkvæmt teikningum frá Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks ehf. dags. 7. ágúst 2002.

Samþykkt.

6. Depill ehf Grundargötu 1 Akureyri óskar eftir samþykki byggingarnefndar á breyttum teikningum af áður samþykktum einbýlishúsum (stækkun) á lóðum nr. 2 og 3 við Brúnahlíð Eyjafjarðarsveit. Teikningar eru frá Arkitekta og verkfræðistofu Hauks ehf.

Samþykkt.

7. Erindi frá Bylgju R. Aradóttur Túngötu 19 Ólafsfirði um leyfi fyrir aðstöðhúsi á lóð nr. 10 á skipulögðu frístundahúsasvæði á jörðinni Leifsstöðum Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi er tekening undirrituð að Sveinbirni Steingrímssyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að farið verði að kröfu slökkviliðsstjóra þegar liggur fyrri hvernig húsið verður nýtt.

8. Ísleifur Ingimarsson Álfabrekku Eyjafjarðarsveit óskar eftir leyfi byggingarnefndar til að geyma frístundahús á lóð sinni að Álfabrekku. Um er að ræða tímabundið leyfi til eins árs, á meðan lokið er við byggingu þess og frágang að innan.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Lárus H. List endurnýjar umsókn 30. júlí s.l. um futning á gömlu húsi frá Akureyri, sem hann óskar eftir að fá að setja niður á lóð nr. 14 á skipulögðu frístundahúsasvæði á jörðinni Geldingsá og nota sem frístundahús. Fyrir liggja breyttar teikningar af húsinu frá H.S.Á. Teiknistofu um minnkun á húsinu úr 86 fermetrum niður í 80 fermetra.

Byggingarnefnd hefur ekki breytt afstöðu sinni hvað varðar flutning á umræddu húsi og hafnar erindinu með vísan í fyrri bókanir frá 6. júní og 16 júlí s.l.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Hreiðar Hreiðarsson Klængur Stefánsson

Kristján Kjartansson Bragi Pálsson

Jósavin Gunnarsson